

14. **Háaleitisprestakall:** Háaleitissókn. Nær að Háteigsprestakalli að vestan, Suðurlandsbraut og Miklubraut að norðan og sunnan, unz þær götur skerast.

Fylgir fyrst um sinn Háteigssókn.

15. **Grensásprestakall:** Grensásókn. Takmarkast af Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Bústaðavegi og Grensásvegi.

16. **Bústaðaprestakall:** Bústaðasókn. Takmarkast af Miklubraut og Suðurlandsbraut, Elliðaám, Bústaðavegi og Grensásvegi.

17. **Fossvogsprestakall:** Fossvogssókn. Nær að Bústaða- og Grensásóknum að norðan, Hallgrímssókn að vestan, Kópavogssókn að sunnan og austan.

Fylgir fyrst um sinn Bústaða- og Grensásóknum og verði skiptin um framhald Grensásvegar suður að mörkum Kópavogssóknar.

18. **Kópavogsprestakall:** Kópavogssókn.

Prestaköll þau, sem ráðgerð eru hér að framan sem nr. 3 (Seltjarnarnesprestakall), nr. 14 (Háaleitisprestakall) og nr. 17 (Fossvogsprestakall), skulu, þar til þau verða auglýst laus til umsóknar, að fenginni heimild kirkjumálaráðherra, teljast óskiptur hluti þeirra prestakalla, sem þeim samkvæmt því, er að framan segir, er þangað til ætlað að fylgja.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er í Kaldrananesi, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Bjarnarfjarðará, Goðdalsá og Sunndalsá, en þær eru Goðdalur, Sunndalur, Skarð, Svarrshóll, Oddi, Hvammur, Bakki, Klúka, Ásmundarnes og Kaldrananes.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í júnimánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, er gildi 5 ár í senn. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öll um þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Miðfirðinga, Húnavatnssýslu.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna hinn 3. júlí 1962.

Litli-Ós	50 einingar
Stóri-Ós	148 —
Saurar	30 —
Ytri-Reykir	27 —
Syðri-Reykir	27 —
Efri-Torfustaðir	10 —
Neðri-Torfustaðir	20 —
Urriðaá	7 —
Bjarg	53 —
Bjargshóll	12 —
Uppsálar	13 —
Litli-Bakki	14 —
Barkarstaðir og Sel	61 —
Skárastaðir	10 —
Núpsdalstunga	76 —
Efri-Núpur	30 —
Þverá	7 —